

Mánudaginn 24. október 1938.

Nr. 29/1938. **A. Obenhaupt** (Eggert Claessen)

gegn

bæjargjaldkera Reykjavíkur f. h.

bæjarsjóðs (Garðar Þorsteinsson).

Dæmt um útsvarsskyldu manns, er heimilisfastur var erlendis.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu 26. febrúar þ. á., hefir krafizt þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur, synjað verði lögtaksgerðarinnar og að stefndi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað hér fyrir dómi eftir mati hæstaréttar. Stefndi hefir hinsvegar krafizt þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað hér fyrir dómi eftir mati hæstaréttar.

Stefndi telur áfrýjanda, sem er heimilisfastur erlendis, lögskyldan til greiðslu útsvars til bæjarsjóðs Reykjavíkur árin 1936 og 1937 samkvæmt 6. gr. B 2 sbr. 7. gr. laga nr. 46 frá 1926, að því er varðar útsvar það, sem á hann var lagt 1936, og samkvæmt 6. gr. B 2 sbr. 7. gr. laga nr. 106 frá 1936, að því er tekur til útsvarsins 1937, þar sem hann, þ. e. áfrýjandi, eigi húseignina nr. 3 við Suðurgötu hér í bæ, sem gefi honum arð. Áfrýjandi mælir á móti útsvarsskyldunni og styður mótmæli sín með því, að leggja fram reikninga um tekjur og gjöld, sem hann hefir haft vegna téðrar húseignar árin 1935, 1936 og 1937, en samkvæmt reikningum þessum hafa tekjur af húseigninni ekki hrokkið til greiðslu kostnaðar við

hana. Gegn þessari framtölu áfrýjanda hefir stefndi ekki leitt haldgóð rök að því, að áfrýjandi hafi á téðum árum haft hreinan arð af húseigninni, og brestur þegar af þeirri ástæðu lagaheimild til að taka kröfur stefnda í málinu til greina. Ber því að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi og synja um framkvæmd lögtaksgerðarinnar.

Eftir þessum málslyktum þykir rétt, að stefndi greiði áfrýjanda kr. 200.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur, og verður hin umbeðna lögtaksgerð ekki framkvæmd.

Stefndi, bæjargjaldkerinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs, greiði áfrýjanda, A. Obenhaupt, kr. 200.00 í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 12. jan. 1938.

Gjörðarþola, A. Obenhaupt stórkaupmanni, nú búsettum í Kaupmannahöfn, var gert að greiða útsvar til bæjarsjóðs Reykjavíkur fyrir árið 1936 kr. 275.00 og 1937 kr. 1000.00. Þar sem umboðsmaður gerðarþola hér, endurskoðunarskrifstofa N. Mancher & Co., hefir reynzt ófáanlegur til að greiða útsvör þessi, hefir bæjargjaldkeri Reykjavíkur f. h. bæjarsjóðs krafizt þess, að lögtak yrði gert í eignum gerðarþola til tryggingar ofangreindum útsvarsskuldum svo og dráttarvöxtum og kostnaði.

Hafa aðiljar lagt málið undir úrskurð fógetaréttarins.

Umboðsmaður gerðarþola hefir mótmælt því, að gerðin nái fram að ganga, þar sem hann telur gerðarþola eigi hafa verið útsvarsskyldan í Reykjavík umrætt tímabil. Það er að visu upplýst í réttinum, að gerðarþoli, sem er

útlendingur, búsettur erlendis, og hefir verið búsettur þar þann tíma, sem hér er um að ræða, eigi hér fasteign, en umboðsmaður gerðarþola kveður hann engar tekjur hafa haft af eigninni umrætt tímabil. Hefir hann lagt fram í réttinum vottorð skattstjóra, dags. 30. júní 1937, rskj. nr. 4, um, að tekjuskattur hafi eigi verið lagður á gerðarþola fyrir árin 1935 og 1936. Með skírskotun til þessa, svo og með tilvísun til 6. gr. B 2 útsvarslaganna, hefir hann mótmælt framgangi hinnar umbeðnu gerðar.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda hefir hinsvegar haldið því fram að fasteign gerðarþola, sem hér er um að ræða, nr. 3 við Suðurgötu, sem metin er að fasteignamati kr. 33700.00 með þinglýstum veðskuldum að svipaðri upphæð, sé nú leigð út fyrir kr. 325.00 á mánuði, enda hafi hún verið leigð út að staðaldri bæði árin 1935 og 1936, sem einkum komi hér til greina. Hafi eignin því gefið arð, svo sem tilskilið sé í 6. gr. B 2. útsvarslaganna, enda sé það nóg til þess, að útlendingur verði útsvarsskyldur samkvæmt þessari lagagrein, að fasteignin sé arðbær. Hefir hann með skírskotun til þessa haldið fast við kröfu sína um framgang gerðarinnar.

Umboðsmaður gerðarþola hefir með bókun sinni í réttinum viðurkennt, að umrædd húseign hafi að visu verið leigð út umrætt tímabil, en haldið því hinsvegar fram, að rekstrartap hafi orðið á eigninni bæði árin 1935 og 1936, meðal annars vegna vanhalda á húsaleigunni.

Það er upplýst í máli þessu, að gerðarþoli eigi hér fasteign, sem hann umrætt tímabil hafi leigt út fyrir ákveðna upphæð mánaðarlega, nú síðast kr. 325.00 á mánuði. Hinsvegar hefir umboðsmaður gerðarþola haldið því fram, að rekstrartap hafi orðið á eigninni þetta tímabil, meðal annars vegna vanhalda á húsaleigunni. 6. gr. B 2 útsvarslaganna kveður skýlaust á um það, að útlendingur sé útsvarsskyldur hér, ef hann eigi hér arðberandi eign. — Rétturinn lítur svo á, að það skipti ekki máli, hvort eignin gefi raunverulegan arð, ef hún í eðli sínu er arðbær. En auk þess er það upplýst í því tilfelli, er hér um ræðir, að eignin hefir verið leigð út á tímabilinu. Og það, að eigi hefir verið lagður tekjuskattur á gerðarþola vegna rekstrartaps hans á eigninni umrætt tímabil, getur á engan hátt haft áhrif á útsvarsskyldu hans samkvæmt áður-

nefndri grein útsvarslaganna. Það verður því að líta svo á, að gerðarþoli hafi verið útsvarsskyldur í Reykjavík umrætt tímabil og að útsvar hafi því réttilega verið lagt á hann hér. Samkvæmt þessu ber því að leyfa framgang hinnar umbeðnu gerðar.

Sökum anna fógetans vegna lögtaksfjölda hér í bæn-um hefir eigi verið hægt að taka lögtaksbeiðni þessa fyrir fyrr en nú.

Þvi úrskurðast:

Hin umbeðna lögtaksgerð á fram að fara á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Mánudaginn 24. október 1938.

Nr. 23/1938. **Haraldur Elíasson**

(Einar B. Guðmundsson)

gegn

**Lofthi Jónssyni og Gunnlaugi Stefáns-
syni** (Stefán Jóh. Stefánsson).

Kaupkrafa háseta talin tryggð með sjóveðrétti.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi krefst þess hér fyrir dómi, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, en þó með þeirri breytingu, að viðurkenndur verði sjóveðréttur fyrir dæmdum fjárhæðum í vélbátnum Bjarna riddara G. K. 9. Svo krefst hann þess og, að stefndu verði dæmdir til að greiða honum in solidum málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati réttarins, og verði sú upphæð einnig tryggð með sjóveðrétti í nefndum bát.

Af hálfu hinna stefndu hefir staðfesting héraðs-dómsins verið samþykkt, en því mótmælt, að sjó-veðréttur verði viðurkenndur. Krefjast þeir þess, að